

Skólanámskrá Vallaskóla

1. bekkur



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Viðmiðunarstundaskrá 1. bekkjar:

Námsgrein	Fjöldi kennslustunda á viku
Íslenska	7
Stærðfræði	6
Samfélags- og náttúrugreinar	6
Lífsleikni	1
Íþróttir	2
Sund	1
Sköpun og útikennsla	2
List- og verkgreinasmiðjur	2
Val	2
Samtals	30

Íslenska 1. bekkur

Staðgóð menntun er meginundirstaða góðrar kunnáttu í móðurmáli. Lestur er öflugt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Góð lestarfærni er því undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Hlutverk íslenskukennslu spannar fjölbreytt og vítt svið svo sem að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli. Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Einnig er það mikilvægt að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Heimalestur Lestur námsbóka Ljóðalestur Yndislestur Ritunarverkefni Stafsetningaræfingar Málfræðiæfingar Orðfloknaverkefni Framsögn og tjáning Hlustun	Lestrarlandið og vinnubækur 1, 1+, 2 og 2+ Við lesum lestrarbók A Listin að lesa og skrifa vinnubók 1 og verkefnabækur Ítalíuskript 1a Leikur að orðum 1 og 2 Lestarbækur við hæfi hvers og eins samkvæmt lestrarlista skólans	- Þekkir nemandi heiti bókstafanna - Þekkir nemandi nokkur andheiti - Þekkir nemandi hljóð bókstafanna - Áttar nemandi sig á samsettu orði - Þekkir nemandi rím - Tjáir nemandi sig fyrir framan hóp - Dregur nemandi rétt til stafs - Heldur nemandi rétt á blýanti - Skrifar nemandi einföld orð eftir upplestri - Staðsetur nemandi stafina rétt á línu - Tengir nemandi hljóð saman við orð	Samþættum tal, hlustun, lestur og ritun í eina heild Stafainnlögn Ýmis verkefnavinna: stafahús Stafaföndur Málörvun Málfræðiæfingar Ritunarverkefni Lestur og fleiri verkefni Unnið er í hópum við hæfi hvers og eins
Námsmat			
Stafakönnun og lesfimikönnun			

Ýmsar kannanir lagðar fyrir nemendur skriflega og munnlega Fyllt inn í hæfnikort í Mentor jafnt og þétt yfir skólaárið			
--	--	--	--

Stærðfræði 1. bekkur

Stærðfræðinám er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum stærðfræðinnar þróast á löngum tíma og við margvíslega reynslu. Mikilvægt er að heimili og skóli vinni saman að viðhalda jákvæðu viðhorfi barna til stærðfræði. Börnin kynnast gildi stærðfræðinnar í daglegu lífi, heima sem og í skólanum. Líklegt er að fjölbreytni og mismunandi nálgun við lausnir viðfangsefna viðhaldi áhuga. Hafa ber í huga að lítil börn sjá hluti með öðrum augum og eiga að fá tækifæri til að leita eigin leiða til lausna.

Kennsla á yngsta stigi byggist á reynslu og þekkingu barna þegar þau hefja grunnskólagöngu sína. Með tímanum verður þeim tamara að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Börnin fá þjálfun í ýmis konar talnavinnu, flokkun, röðun, lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá. Verkefnið í stærðfræði tengjast oft en ekki einhverju sem börnin þekkja, með það að markmiði að auðvelda þeim vinnu með flókin hugtök.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Flokkun	Sproti 1a nemendabók og æfingahefti	- Skilur nemrindi og notað stærðfræðitáknið plús +	Innlagnir (smáfyrirlestur)
Samlagning		- Skilur nemandi og notar stærðfræðitáknið mínus	umræður og útskýringar um námsefnið
Frádráttur	Sproti 1b nemendabók og æfingahefti	- Leysir nemandi frádráttardæmi með tölum 1-10	
Heilar tölur		- Leysir nemandi frádráttardæmi með tölum 11-20	
PALS	Í undirdjúpunum –	- Skilur nemandi og notar stærðfræðitáknið sama sem =	Unnið með hlutbundna og óhlutbundna stærðfræði
Tölfræði	samlagning	- Skrifar nemandi tölur frá 0-10	
Form og mynstur	Spæjarastærðfræði 1	- Skrifar nemandi tölur frá 11-20	
Algebra	Viltu reyna?	- Leysir nemandi samlagningardæmi með tölum frá 0-10	Einstaklings- og paravinna (PALS)
Mælingar	Húrrahefti	- Leysir nemandi samlagningardæmi með tölum frá 11-20	
Orðadæmi		- Þekkir nemandi einföld tvívíð form	Unnið er í hópum við hæfi hvers og eins
Mynstur	Ýmis ljósrituð	- Þekkir nemandi tugi og einingar	
Hliðrun	stærðfræðihefti	- Þekkir nemandi tíuvinapörin	
Verðgildi peninga		- Tengir nemandi saman tölur og fjölda	Hringekjuform í stöðvavinnu þar sem unnið er með ýmis
Vikudagar			

			stærðfræðitengd verkefni
Námsmat			
Ýmis verkefni lögð fyrir nemendur skrifleg og munnleg Fyllt inn í hæfnikort í Mentor jafnt og þétt yfir skólaárið			

Samfélagsgreinar, náttúrugreinar og lífsleikni 1. bekkur

Samfélagsgreinar eru námsgreinar eins og saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði. Á hverju skólaári eru teknir fyrir nokkrir námsþættir og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa. Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið, að við lok 1. bekkjar geti nemandi:	Námsleiðir
Nánasta umhverfi	Halló heimur 1	-	Innlagnir (örfyrirlestur)
Umferðin	Lesbók og verkefnabók		
Trú	Regnboginn		Umræður
Sjálfsmýndin	Tísla		Skólabókin mín
Fjölskyldan			
Samskipti	Komdu og skoðaðu		
Tilfinningar	líkamann		Ýmis verkefni tengd
Virðing	Íslensku húsdýrin		námsefninu
Vinátta			
Árstíðir			

Ljós og skuggar Mannslíkaminn Húsdýr og gæludýr			Verkefnabækur þúnar til í tengslum við námsefnið Árstíðar- og hátíðatengd verkefni Vettvangsferðir
---	--	--	---

Skólafærni 1. bekkur

Námsmat	Hæfniviðmið – Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Að lokinni reglubundnum athugunum kennara yfir skólaárið er fyllt inn í hæfnikort nemenda í Mentor	- Fer nemandi eftir fyrirmælum - Réttir nemadi upp hönd - Sýnir nemandi jákvæðni í garð skólagöngu - Nýtir nemandi tímann sinn vel - Bíður nemandi eftir aðstoð - Tekur nemandi þátt - Gefur nemandi öðrum vinnufrið - Sýnir nemandi kurteisi og virðingu - Gengur nemandi vel um - Vinnur nemandi verk sín eftir bestu getu - Sýnir nemandi sjálfstæði í vinnubrögðum	Umræður og foreldrasamvinna um skólafærniþætti

Skólaíþróttir 1. bekkur

Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Með áherslu á daglega hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.

Í skólaíþróttum fá nemendur fræðslu um mikilvægi hreyfingar og þess að setja sér markmið. Einnig tengist þessari kennslu fræðsla um hreinlæti, líkamlega umhirða, fræðsla um kynímyndir og staðalmyndir ásamt umræðu um einelti og annað ofbeldi. Í skólaíþróttum er lögð áhersla á að börnum og ungmennum sé kynnt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum og góðum samskiptum auk þess að byggja upp jákvæða sjálfsmynd þeirra.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Sund Vatnsaðlögun Leikir Köfun (öndun) Flot Skólabaksundsfótatök Skriðsundsfótatök	Skipulagðir og frjálsir leikir Ýmsar æfingar frá kennara	Sund - Gerir nemandi öndunaræfingar, inn og útöndun 10x í kafi - Gerir nemandi skólabaksundsfótartök við bakka með/án hjálpartækja - Gerir nemandi skriðsundsfótartök við bakka með/án hjálpartækja - Flýtur nemandi á baki og bringu með eða án hjálpartækja - Syndir nemandi 6m skriðsund með/án hjálpartækja - Gengur nemandi með andlitið í kafi 2 – 2,5 m eða lengra - Hoppar nemandi af bakka út í grunna laug	Verklek kennsla í og við íþróttahús og sundlaug Sýnikennsla Samvinnunám Einstaklingsnám
Íþróttir Leikir Þol Styrkur Jafnvægi Samvinna		Íþróttir - Hoppar nemandi á öðrum fæti 10 m - Hoppar nemandi jafnfætis yfir sippuband í 10 sek - Kastar nemandi og grípur bolta - Gengur nemandi á jafnvægisslá 10 skref	

		- Gerir nemandi sprellikarlahopp í 10 sek	
Námsmat		Önnur matsatriði	
Verkleg próf Símat og merkt inn á hæfnikort í Mentor jafnt og þétt yfir skólaárið Mæting og virkni Hegðun og framkoma		- Fer nemandi eftir fyrirmælum - Leggur nemandi sig fram í þeim æfingum sem verið er að gera - Sýnir nemandi öðrum virðingu og umburðarlyndi - Mætir nemandi í viðeigandi kennslustund með sundföt og íþróttaföt	

Heimilisfræði 1. bekkur

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, jafnrétti, hagsýni, fjármálalæsi, neytendavitund og verndun umhverfis. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda með markvissri fræðslu um hollustu og holla matargerð. Þekking og leikni í heimilisstörfum er kjarni heimilisfræðinnar og honum tengjast allir þættir námsins, fræðilegir sem verklegir.

Á yngsta stigi er heimilisfræði kennd í smiðjum þar sem 1. bekkur kemur í hópum í 6 vikur í senn. Í Vallaskóla leggjum við mikið upp úr samvinnu og kurteisi í heimilisfræði.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Matur og lífshættir	Gott og gaman	- Þekkir nemandi helstu reglur í heimilisfræðistofu	Innlagnir
Matur og vinnubrögð	Tæki og áhöld	- Þekkir nemandi muninn á tusku og viskustykki	Sýnikennsla
Matur og umhverfi	greinarinnar	- Veit nemandi hvert mikilvægi handþvottar er	Samvinna
Matur og menning	Efni frá kennara	- Getur nemandi gert helstu mælitækjum skil	Verklegar æfingar
Námsmat	Fjölbreyttur efniviður	- Getur nemandi sagt stuttlega frá fæðuhringnum	Umræður
Fyllt inn í hæfnikort nemanda í Mentor eftir að smiðjutímabili lýkur	Veraldarvefurinn	- Greinir nemandi muninn á hollri og óhollri fæðu	
Heildareinkunn gefin í táknum og birtist á vitnisburðarblaði að vori			

Hönnun og smíði 1. bekkur

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemendur verði sjálfstæðir í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum og verkfærum. Lögð er áhersla á að læra rétta beiting líkamans við vinnu sem og beitingu verkfæra og að nemendur gangi vel um smíðastofu og verkfæri.

Á yngsta stigi er hönnun og smíði kennd í smíðjum þar sem 1. bekkur kemur í hópum í 6 vikur í senn. Í Vallaskóla leggjum við mikið upp úr samvinnu og kurteisi.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Sköpun Skipulagning Heiti áhalda Ýmislegt handverk	Tæki og áhöld greinarinnar Efni frá kennara	- Sýnt frumkvæði og áhuga - Virt umgengnisreglur smíðastofunnar - Sýnt vönduð vinnubrögð	Innlagnir Sýnikennsla Samvinna Umræður
Námsmat	Fjölbreyttur efniviður s.s. fura, greni og eik.		
Fyllt inn í hæfnikort nemanda í Mentor eftir að smíðjutímabili lýkur Heildareinkunn gefin í táknum og birtist á vitnisburðarblaði að vori			

Textílmennt 1. bekkur

Námsgreinin textílmennt er yfirgrípsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám byggist á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Á yngsta stigi er textílmennt kennd í smíðjum þar sem 1. bekkur kemur í hópum í 6 vikur í senn.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjari:	Námsleiðir
Málað með taulitum á efni	Tæki og áhöld greinarinnar	- Þræðir nemandi grófa nál	Innlagnir
Saumað í grófan striga	Efni frá kennara	- Saumar nemandi aftursting í grófan striga	Sýnikennsla
Námsmat	Fjölbreyttur efniviður s.s. garn, léreft og tvinni	- Málar nemandi á léreft með taulitum	Samvinna
Fyllt inn í hæfnikort nemanda í Mentor eftir að smíðjutímabili lýkur		- Útfærir nemandi einfalda mynd á léreft með lími	Verklegar æfingar
Heildareinkunn gefin í táknum og birtist á vitnisburðarblaði að vori		- Vinnur nemandi vel í hóp við frágang ofl.	Umræður
		- Er nemandi iðinn og vinnusamur	

Tónmennt 1. bekkur

Tónlist er snar þáttur í lífi og starfi manna hvar sem er í heiminum. Hún er leið til sköpunar og tjáskipta, oft án orða, sem einstaklingar fara til að tjá tilfinningar sínar, skoðanir og gildi. Í tónlistariðkun felst hlustun, sköpun og flutningur. Hún er ferli þar sem einstaklingar skapa merkingu með því að bregðast við og vinna úr tónum, hljóðum og þögn, einir eða í samstarfi. Tónlistariðkun krefst líkamlegrar samhæfingar, greinandi hugsunar og tilfinningatengsla. Þá hefur tónlistariðkun sterka félagslega tilvísun enda verið notuð í gegnum tíðina sem afl til sameiningar eða aðgreiningar fólks.

Tónlistarkennsla í grunnskóla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar; tónhæð, tónlengd, blæ, styrk, hljómun, túlkun og formi, til þess að þeir geti myndað sér skoðun á ólíkum stíl tónlistar, geti gert sér grein fyrir gildi hennar í eigin menningu og lífi og notið hennar á uppbyggilegan, markvissan og persónulegan hátt.

Í 1. bekk er tónmennt kennd í smiðjum 2 kennslustundir á viku 6 vikur í senn.

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið - Við lok 1. bekkjar:	Námsleiðir
Söngur	Námsefni frá kennara	- Þekkir nemandi reglur tónmenntastofu	Nám í gegnum leiki
Taktur	Lagalisti á Spotify	- Vinnur nemandi í hóp að sameiginlegu tónverki	Nám í gegnum söng
Styrkleikamerki (p og f)	Leikir	- Nær nemandi að auka samhæfingu hugar og handar	Sýnikennsla
Hljóðfæri	Söngur	- Greinir nemandi muninn á sterku og veiku hljóði	Umræður
Hlustun	Slagverkshljóðfæri	- Sýnir nemandi viðfangsefni áhuga	
Samhæfing hugar og handar		- Hermir nemandi eftir einföldum rythma í klappi eða með slagverkshljóðfæri	
		- Tekur nemandi virkan þátt	
Námsmat			
Fyllt inn í hæfnikort nemanda í Mentor eftir að smiðjutímabili			

lýkur Heildareinkunn gefin í táknnum og birtist á vitnisburðarblaði að vori			
---	--	--	--